

Hákon Jensson

Fornleifaskráning innan þéttbýlis Ólafsfjarðar, seinni hluti.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2024/4



Forsíðumynd: Lóðirnar Aðalgata 5 og 3 þar sem áður stóðu Dönu hús og Jónshús, mynd er tekin í norð-vestur.



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2024/4

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁ.....	3
SAMANTEKT.....	19
HEIMILDASKRÁ.....	20

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðinn að annast fornleifaskráningu á Ólafsfirði, skráningin var seinni hluti af uppfærslu fornleifaskráningar af þéttbýlinu. Fyrri hlutinn var fornleifaskráning af deiliskipulagi á athafna og hafnarsvæði bæjarins sumarið 2021. Seinni hlutinn var eins og svæðið er afmarkað í aðalskipulagi og er stærð þess um 129 ha en innan þess hafði 11 ha verið skráðir sumarið 2021 í tengslum við deiliskipulagið. Vettvangsathugun fór fram í seinni hluta í júní 2024.

Verkefnisnúmer Minjastofnunnar Íslands: 3290.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir voru sett í lög ákvæði um að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem beri ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”³

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁴

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í lögum um menningarminjar en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í lögum um menningarminjar að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁶

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til að byggja sínar stjórnsýsluákvæðanir á.⁶

³ Heimasíða Alþingis.

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Minjastofnunar.

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands. Í undirbúningsvinnu og úrvinnslu var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum ehf. frá 1958 til 2023 á map.is, örnefnaskrár, túnakort, loftmyndasjá og niðurhalsgögn frá Landmælingum Íslands. Jafnframt var fornleifaskráningin af Ólafsfirði frá 2006 og bækurnar Hundrað ár í Horninu eftir Friðrik G. Olgeirsson mikilvægar heimildir við þetta verkefni. Þá sérstaklega kortin frá 1901/1905/1910 og 1920 sem sýndu hvaða mannvirki voru á staðnum á þessum árum. Til viðbótar þessu var haft samband við heimamenn.

Þegar öll þessi gögn höfðu verið skoðuð var farið í vettvangskonnnun þar sem framkvæmdasvæðið var skoðað. Minjar sem fundust á vettvangi voru mældar upp með trimble gps tæki, ljósmyndaðar og mældar. Í ferlinu við að staðsetja minjarnar á svæðinu var mikið notast við loftmyndir frá 1958 á kortavefsjánni map.is ásamt skriflegum heimildum og fyrrgreindum kortum. Kortavinna var unnin í Microstation v8i með loftmynd frá Loftmyndum ehf frá 2023 sem Fjallabyggð útvegaði.

4. Fornleifaskrá

Fornleifanúmer: 3290-01

Hnit: A515756.5 N619404.2 ISN93

Sérheiti: Sandkirkja

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Heimild

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „1712: "Sandkirkia, eyðihjálíega. Bygð út og niður frá heimaörðinni fyrir manna minni, og varaði bygðin inn til næstu 13 ára, afdeild einasta að túni og útslægjum ... Ekki má hjer aftur byggja, því túnið er fordjarfað af sandfoki og verður ekki slegið." ⁷ Í örnefnaskrá Hornbrekku segir: „Sandkirkja mun hafa verið nálægt Aðalgötu. Líklega hefur þar kirkja verið einhvern tíma í fyrndinni." ⁸ Í fornleifaskráningunni frá 2006 er jafnvel talið líklegt að Sandkirkja hafi verið á þeim slóðum sem gamla prestsetrið var við. ⁹ Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir frá fornleifafundi þar á staðnum. „Snemma á þessari öld hugðust bræður tveir frá Hornbrekku, synir Jakobs Ingimundarsonar, auka við húsakost jarðarinnar. Byrjuðu þeir að grafa fyrir húsi á þeim slóðum þar sem prestssetrið gamla stendur nú en komu þá niður á fornt eldstæði og fundu mannabein var þá framkvæmdum hætt. Síðar þegar prestssetrið var byggt komu enn upp mannabein. ... er vel hugsanlegt að eldstæðið og beininn í grunni gamla prestsetursins vísi til Sandkirkju eða Sands, jarðar á þessum slóðum á fyrstu öldum byggðar í Ólafsfirði." ¹⁰ Gamla prestsetrið er á Aðalgötu 15 og þar í kring er nú bílastæði og slétt grasflöt engin ummerki um eldri mannvirki.

Fornleifanúmer: 3290-02

Hnit: A515757.0 N619405.0 ISN93

Hlutverk: Híbýli

Sérheiti: Sandvellir

Tegund: Heimild

⁷ Árni og Páll, 1943, bls. 37-38.

⁸ Örnefnaskrá Hornbrekku, bls. 5.

⁹ Ágústa et al. 2006, bls. 196.

¹⁰ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.12.

Í sýslu og sóknarlýsingum Eyjafjarðar segir: „Þar eyðikot Sandvellir, með graslausum sandbreiðum í kring.“¹¹ Ekki er vitað nákvæmlega hvar býlið var en við eldri skráningu voru skráningarmönnum sýnd lýsiskola sem kom upp við framkvæmdir við Aðalgötu 15 og fylgdi sögunni að þar hefði bærinn Sandhólar verið sem gæti verið sami bær og Sandvellir sem nefndur er í Sýslu og sóknarlýsingum Eyjafjarðar, þar er nú slétt grasflöt.¹²

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir "Snemma á þessari öld hugðust bræður tveir frá Hornbrekku, synir Jakobs Ingimundarsonar, auka við húsakost jarðarinnar. Byrjuðu þeir að grafa fyrir húsi á þeim slóðum þar sem prestsetrið gamla stendur nú en komu þá niður á fornt eldstæði og fundu mannabein. . . er vel hugsanlegt að eldstæðið og beininn í grunni gamla prestsetursins vísi til Sandkirkju eða Sands, jarðar á þessum slóðum á fyrstu öldum byggðar í Ólafsfirði." ¹³

Í sömu bók segir einnig: „Eins og síðar mun koma fram hét fyrsta þurrabúðin í Ólafsfjarðarhorninu eftir að þéttbýlismyndun hófst Sandvellir ... Ég tel því líklegast að einhverntíma eftir ... 1775- 77 hafi kotið Sandvellir byggst niður við sjávarsíðuna en fljótlega farið aftur í eyði og verið það allt til 1883 ... " ¹⁴ GPS hnit tekið við Aðalgötu 15 engin ummerki um eldri mannvirki á staðnum.

Fornleifanúmer: 3290-03

Hnit: A516063.1 N619364.5 ISN93

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Nokkrum áratugum síðar fann Magnús Ingimundarson fornt eldstæði í túni sínu, nokkru ofan við þann stað sem sundlaug Ólafsfjarðar nú stendur." Lýsing á staðsetningu nokkuð óljós gps hnit var staðsett nokkuð fyrir ofan sundlaugina.

Fornleifanúmer: 3290-04

Hnit: A515717.7 N619545.9 ISN93

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Síðar er fjáreign kom til niður í þorpinu var um 1924 byggð aukarétt sunnan kaupsins á þeim slóðum þar sem nú er vesturhluti Gunnólfsgötu." ¹⁵ GPS hnit tekið í vesturhlut Gunnólfsgötu þar eru nú hús og gata.

Fornleifanúmer: 3290-05

Hnit: A515971.4 N619616.6 ISN93

Sérheiti: Íshúskompurnar

Hlutverk: Íshús

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Ekkert var þá farið að byggjast sunnan við línu sem hugsast dregin um Kirkjuveg nema gömlu íshúskompurnar sem stóðu við norð-vesturhorn Tjarnarinnar." ¹⁶ Samkvæmt kortinu frá 1920 í bókinni Hundrað ár í Horninu hafa íshúskompurnar verið staðsettar milli tjarnarinnar á Ólafsfirði og Aðalgötu 13 þar sem núna er hellulagt plan.

Fornleifanúmer: 3290-06

Hnit: A515991.7 N619694.5 ISN93

Sérheiti: Sandvellir (Sandhóll)

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

¹¹ Sýslu og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu, bls. 58.

¹² Ágústa et al. 2006, bls. 195.

¹³ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.12.

¹⁴ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.20.

¹⁵ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls. 96.

¹⁶ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.127.

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Það er árið 1883 sem orðið „Tómthús“ sést fyrst í gjörðabókum Þóróddsstaðahrepps. Það ár byggði sér torbæ maður að nafni Ólafur Gíslason og nefndi hann bæinn Sandhól. ...Torfbær þessi stóð nokkrum metrum sunnan við hús þar sem fram á síðustu ár var Kirkjuvegur 2 og norðan við Syðstabæ... Um 30 árum seinna var á sama stað byggt húsið Leyningur en nafnið Sandhóll var þó oft notað um það hús líka. Sandhóll var fyrsta „húsið“ sem byggt var til íbúðar allt árið um kring í Horninu...“¹⁷ Á kortum frá 1901/1905 og 1910 er nafnið Sandvellir notað og samkvæmt þeim hefur húsið verið staðsett í suðurhluta á Aðalgötu 14 fyrir miðju. Engin lóð er lengur með nafninu Kirkjuvegur 2 í fasteignaskrá¹⁸ en Aðalgata 14 teygir sig inn á það svæði sem áður hefur tilheyrt þeirri lóð.¹⁹ Þar er núna steipt bílaplan í kringum stórt hús.

Fornleifanúmer: 3290-07

Hnit: A515992.4 N619695.2 ISN93

Sérheiti: Jóhannesarhús, Leyningur

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Húsið er 5,65 X 3,14 m timburhús með pappapaki, kjallari er 5 X 2,8 m.“²⁰ Samkvæmt upplýsingum á korti frá 1920 þá er húsið byggt á rústum Sandvalla.²¹ Húsið hefur líka verið kallað Leyningur nýi og Guðlaugarhús.²² Þar sem húsið er staðsett á rústum Sandvalla þá má gera ráð fyrir því að það sé staðsett nokkurn veginn á sama stað og samkvæmt korti frá 1920 er það staðsett í suðurhluta á Aðalgötu 14 fyrir miðju. Þar er núna steipt bílaplan í kringum stórt hús.

Fornleifanúmer: 3290-08

Hnit: A515943.9 N619711.0 ISN93

Sérheiti: Hanssonarhús

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Sumarið 1916 reistu hjónin Jón Hansson og Svava Guðvarðardóttir sér timburhús á lóðinni austan við kirkjuna sem var þá nýrisin. Húsið var oftast kallað Hanssonarhús eða Svövuhús. Það brann árið 1968.“²³ Í dag er þar bílaplan og engin ummerki um eldri mannvirki.

Fornleifanúmer: 3290-09

Hnit: A515989.4 N619709.2 ISN93

Sérheiti: Willahús (Sigurbjörnshús)

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Árið 1912 byggðu Sigurbjörn Friðriksson og Lilja Friðriksdóttir timburhús sem í nokkur ár var kallað Sigurbjörnshús. Eftir að þau hjón fluttu burt frá Ólafsfirði keypti William Þorsteinsson húsið og var það þá kallað Willahús. Það stóð norðan við Leyning og var rífið um 1980.“²⁴ Síðar í bókinni segir: „Húsið er byggt úr timbri og er með

¹⁷ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.62.

¹⁸ Heimasíða HMS – vefuppfletti fasteignaskrár.

¹⁹ Heimasíða HMS – vefsíða landeigna.

²⁰ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.122.

²¹ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.126.

²² Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.122.

²³ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.112.

²⁴ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.114.

pappabaki. Stærð þess er 5,65 X 5 en kjallarin er 5 X 4,4 m.²⁵ Húsið hefur verið í norðurhorni á lóðinni Aðalgötu 14, þar er nú bílaplan og engin ummerki um eldri mannvirki.

Fornleifanúmer: 3290-10

Hnit: A515954.2 N619732.7 ISN93

Sérheiti: Jóhannshús, Björnshús.

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Á sama tíma og Jóhannes var að byggja Leyning byggðu Stefán Sigurðsson og Magnea Grímsdóttir vandað steinhús sem enn stendur og er nú Strandgata 11. Þau áttu ekki húsið lengi og ekkert sérstakt nafn festist við það til frambúðar. Ef til var það lengst nefnt Björnshús eftir eiganda þess, Birni Magnússyni. Í manntali 1920 er það þó kallað Jóhannshús.“²⁶ Síðar í bókinni segir: „Björnshús er steinhús með jarnþaki. Stærð þess er 7,5 X 6,3 m og undir húsinu er kjallari.“²⁷ Húsið hefur verið rífið en á staðnum þar serm húsið var er auð lóð og svo bílaplan, engin ummerki um eldri mannvirki á staðnum.

Fornleifanúmer: 3290-11

Hnit: A516020.4 N619724.0 ISN93

Sérheiti: Þinghús, samkomuhús, skóli, Gamla Þinghúsið.

Hlutverk: Þingstaður

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Varð svo ekkert verið að bíða heldur ákveðið að byggja húsið það sama haust í trausti þess að sýslan legði kr. 600 í verkið. Húsið sem var byggt var 8X8 álna timburhús og stóð þar sem nú er Strandgata 3, og er þar enn sem neðri hæð hæð þess húss. Byggingin var nýtt sem skólahús og samkomuhús.“²⁸ Það er búið að rífa húsið og þar stendur nú minnisvarði um Kvennfélagið Æskuna á Ólafsfirði og blómagarður í kring. Engin ummerki um eldri mannvirki.

Fornleifanúmer: 3290-12

Hnit: A516033.2 N619722.2 ISN93

Sérheiti: Ingimundarhús, Stefánshús, Sæmundarhús.

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Páll Bergsson hóf snemma ræktun svína. Þau hafði hann í timburhúsi sem stóð rétt sunnan við hús hans. Hvernig svínunum reiddi af er ekki gott að segja en hitt er víst að húsið var á tímabilinu 1909-1910 gert að íbúðarhúsi Var því skipt í tvennt, vestur- og austurenda.“²⁹ Síðar í bókinni segir: „Húsið er timburhús með jarnþaki og er stærð þess 6,3 X 5,65 m. Jafnstór kjallari er undir húsinu.“³⁰ Samkvæmt kortum frá 1910 og 1920 þá hefur það staðið norðan við Aðalgötu 8 þar sem bátur er til sýnis í dag.

Fornleifanúmer: 3290-13

Hnit: A516006.7 N619704.6 ISN93

Sérheiti: Sæland.

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

²⁵ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.122.

²⁶ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.110.

²⁷ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.123.

²⁸ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.74.

²⁹ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.99.

³⁰ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.99.

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Sæland er torfbær, 5 X 4,4 m að stærð. Fjárhús er þarna yfir 10 kindur og er engu líkara en að það sé hluti bæjarins, því sagt er „ærbúð í öðrum enda“.“³¹ Samkvæmt heimildarmanni úr eldri fornleifaskráningu segir að Sæland hafi staðið á hól aftan (vestan) við Sparisjóðinn í Ólafsfirði.³² Norðan við verslunarhúsið sem stendur á lóðinni við Aðalgötu 14 en þar er nú steipt plan. Samkvæmt korti frá 1901/1905/1910 og 1920 og staðsetningu annarra þekkra bygginga þá virðist byggingin hafa verið austan við verslunar og skrifstofuhúsnæð sem stendur á Aðalgötu 14 en þar er nú hellulagt plan. Allavega þá eru báðar staðsetningar á lóðinni við Aðalgötu 14 og báðar rétt fyrir utan húsið sem stendur þar.

Fornleifanúmer: 3290-14

Hnit: A516010.2 N619701.1 ISN93

Sérheiti: Miðbær.

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Nokkru eftir aldamót var byggður angi út úr Sælandi í austurátt. Það lét Páll Bergsson gera handa Finnum tveimur, fjósakonum sínum. Þær fóru burt með honum árið 1916 og um það leyti er farið að kalla þennan austari hluta Sælands sérstöku nafni, Miðbær.“³³ Einnig segir í bókinni: „Miðbær er torfbær með þilstöfnum, „1/2 járnþakið“, eins og sagt er. Stærð bæjarins er 4,4 X 3,14 m.“³⁴ Húsið hefur staðið á lóðinni Aðalgötu 14 og samkvæmt korti frá 1920 austan við verslunar og skrifstofuhúsnæðið sem er á lóðinni þar í hellulögðu plani.

Fornleifanúmer: 3290-15

Hnit: A516042.3 N619714.2 ISN93

Sérheiti: Syðribær (Syðstibær)

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Árið 1916 ábyrgðist Ólafsfjarðarhreppur lán sem Þorsteinn Þorgrímsson tók, kr. 250, til að kaupa gamla íshúsið eða þann hluta þess sem var úr timbri. Það hlýtur hann af hafa keypt af Páli Berssyni en Páll hélt þó eftir þeim hluta sem var úr steini. Húsið kallaði Þorsteinn fyrstu árið Syðstabæ en eftir að Helgi Jóhannesarson byggði síðar hús með sama nafni breytti Þorsteinn nafni síns húss í Syðribæ. En bæði þessi nöfn á húsi Þorsteins er erfitt að skilja, sér í lagi það fyrra, því húsið var alls ekki syðst í þorpinu þegar Þorsteinn flutti það. Hús þetta seldi hann Þorsteinn Ólafsfjarðarkaupstað árið 1947 til niðurrifs en það stóð í miðri Aðalgötu sem þá var í mótun.“³⁵ Syðribær hefur verið um 5 m suð-austan við bátinn sem stendur á lóðinni Strandgötu 3.

Fornleifanúmer: 3290-16

Hnit: A 516002.6 N619724.1 ISN93

Sérheiti: Sæbali (Grímshús)

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Húsið sem Ingibjörg og Ásgrímur byggðu sumarið 1897 var úr timbri, 5 m að lengd en um 4 m á breidd. Var þetta fyrsta timburíbúðarhúsið ef frá er skilið hús Höepfnars kaupmanns. Húsið kölluðu þau hjón Sæbala og stóð það þar sem Jón Björnssons, sonur Bása-Björns, byggði síðar húsið Sæborg eða Strandgötu 5. Sæbali var þá ekki rifinn heldur aðeins

³¹ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.124.

³² Ágústa et al. 2006, bls. 196.

³³ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.73.

³⁴ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.124.

³⁵ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.110.

fluttur til. Hús þetta á eftir að koma við sögu síðar en þess má geta hér að það er enn til...³⁶ Það stendur núna við Kirkjuveg 19.³⁷

Fornleifanúmer: 3290-17

Hnit: A516032.8 N619679.6 ISN93

Sérheiti: Önnubúð (Gamli Leyningur)

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Sumarið 1901 fjölgaði um einn torfbæ í þorpinu. Það var Anna Guðrún Ingimundardóttir sem þann bæ byggði og var hann eftir henni nefndur Önnubúð og stóð þar sem nú í dag er Aðalgata 11.”³⁸ Samkvæmt fasteignaskrá var húsið sem stendur þar í dag byggt 1930.³⁹

Fornleifanúmer: 3290 -18

Hnit: A516064.2 N619711.0 ISN93

Sérheiti: Díana

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Aðkomumaður að nafni Magnús Þórðarson byggði stórt timburhús sem kallað var Díana. Hugðist hann nýta húsið til verslunarreksturs sem hann og gerði um skeið. Fljótlega seig þó á ógæfuhliðina og húsið varð íbúðarhús... Verslun var svo af og til næstu áratugina á neðri hæðinni og hafa ýmsir átt þann hluta hússins á liðnum árum. Um tíma fór fram leikfímikennsla í húsinu á fyrstu árum aldarinnar og var ein leikfímiprautin í því fólgin að stökkva yfir búðarborðið hans Magnúsar. Díana var rifinn nú fyrir 2 eða 3 árum.”⁴⁰ Samkvæmt korti frá 1920 þá hefur húsið verið staðsett við Aðalgötu 5, en þar er nú auð lóð.

Fornleifanúmer: 3290-19

Hnit: A516076.4 N619721.3 ISN93

Sérheiti: Jónshús

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Jón Friðriksson, tengdasonur Sigurðar Pálssonar á Brimnesi, byggði einnig þetta sumar timburhús sem kallað var Jónshús og þar bjó hann ásamt konu sinni, Guðfinnu Sigurðardóttir... Jónshús stóð þar sem Jón Þorsteinsson byggði ekki löngu síðar hús því stuttu eftir aldamótin var hús Jóns og Guðfinnu flutt fram að Hornbrekku þar sem þau hófu búskap.”⁴¹ Samkvæmt korti frá 1901 var Jónshús staðsett við Aðalgötu 3, þar er nú auð lóð.

Fornleifanúmer: 3290-20

Hnit: A516075.5 N619720.5 ISN93

Sérheiti: Emmuhús, Jónshús

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Laust fyrir 1905 byggðu hjónin Jón Þorsteinsson og Sigurveig Oddsdóttir timburhús sem nú er Aðalgata 3. Það skal þó tekið fram að heimildir um

³⁶ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls. 71-72.

³⁷ Heimasíða HMS – vefuppfletti fasteignaskrár.

³⁸ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.75.

³⁹ Heimasíða HMS – vefuppfletti fasteignaskrár.

⁴⁰ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.101-102.

⁴¹ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.75.

byggingartíma hússins eru mjög óöruggar. Húsið var stækkað síðar.”⁴²

Síðar í bókinn segir: „Eigendur og húsráðendur eru hjónin Jón Þorsteinsson og Sigurveig Oddsdóttir. Með þeim eru tvö börn þeirra. Húsið er timburhús, 5,65 X 5 m, með járnþaki. Kjallari er undir öllu húsinu.”⁴³ Samkvæmt kortum frá 1905 og 1910 þá var Jónshús Þorsteinssonar staðsett við Aðalgötu 3 þar sem nú er auð lóð. Í frétt í Morgunblaðinu frá 22. Febrúar 2005 segir að húsið við Aðalgötu 3 hafi brunnið en húsið hafi ætíð gengið undir nafninu Emmuhús en einnig Jónshús. Það hafi verið byggt snemma á 20. öld og lengst hafi Jón Frímannsson vélstjóri og eignkona hans Emma Jónsdóttir búið þar.⁴⁴

Fornleifanúmer: 3290-21

Hnit: A516072.8 N619706.5 ISN93

Hlutverk: Rafstöð

Tegund: Heimild

Á korti frá 1920 er bátahreyfill sem er sagður notaður til raforkuframleiðslu.⁴⁵ Hann hefur verið staðsettur á lóðinni við Aðalgötu 5 samkvæmt korti frá 1920 upp við brekkuna, engin ummerki á staðnum.

Fornleifanúmer: 3290-22

Hnit: A516089.1 N619722.2 ISN93

Sérheiti: Jóns Þorsteinssonar hús

Hlutverk: Smiðja

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Smiðja úr timbri með pappþaki, 2,5 X 2,5. Þá fylgir einnig timburskúr með járnþaki. Þetta er verkstæði Jóns og er það 8,15 x 3,14 m.”⁴⁶ Samkvæmt korti frá 1920 þá var verkstæði Jóns Þorsteinssonar og smiðja staðsett nokkurn veginn syðst þar sem lóðin Aðalgata 1 er í dag upp við brekku. Engin ummerki á staðnum um eldri mannvirki.

Fornleifanúmer: 3290-23

Hnit: A516115.1 N619695.7 ISN93

Sérheiti: Háiskáli

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „Háe skále, forn þurrabúð út við sjóinn, hefur ekki bygst í manna minni, nema um fáein ár einum fátækum manni, sem lifði á sjáfarafla. ... Búðina má aftur uppbyggja með sama hætti, ef sjáfarafla gæfist.”⁴⁷ Í örnefnaskrá Hornbrekku segir: „Háiskáli mun hafa verið yzt í landi Hornbrekku, því að Jarðabókin segir hana út við sjóinn.”⁴⁸ Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Fardagaárið 1897-’98 reistu þau Þorsteinn og Sigurbjörg sér torfbæ rétt fyrir ofan húsaþyrpinguna í Ólafsfiarðarhorni í rótum fjallsins Tindaaxlar á þeim stað þar sem Háiskáli hafði staðið forðum og nefndist bær þeirra einnig Háiskáli.”⁴⁹ Samkvæmt eldri fornleifaskráningu þá ber steinsteypt hús frá 1934 við Brekkugötu 15 nafnið Háiskáli og stendur það á svipuðum slóðum og þurrabúðin var.⁵⁰

⁴² Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.80..

⁴³ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.121.

⁴⁴ Helgi, 2005, <https://www.mbl.is/myndasafn/mynd/136399/>

⁴⁵ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.126.

⁴⁶ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.121.

⁴⁷ Árni og Páll, 194, bls. 38.

⁴⁸ Örnefnaskrá Hornbrekku, bls. 5.

⁴⁹ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.72.

⁵⁰ Ágústa et al. 2006, bls. 195.

Fornleifanúmer: 3290-24

Hnit: A516103.4 N619684.3 ISN93

Sérheiti: Háagerði

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Sama ár og þinghúsið reis af grunni, árið 1900 byggðu Jón Gíslason og Ingimundur Jónsson sér torfbæ sem þeir nefndu Háagerði og stóð hann rétt sunnan við Háaskála Þorsteins Jónssonar.”⁵¹ Samkvæmt eldri fornleifaskráningu er enn til hús sem heitir Háagerði og stendur það við Brekkugötu 17.⁵² Elsti hluti þess húss er frá 1934 samkvæmt fasteignaskrá.⁵³

Fornleifanúmer: 3290-25

Hnit: A516130.0 N619708.2 ISN93

Sérheiti: Brekkukot

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Heimilið er torfbær með torfbaki og pappaklæddum timburstöfnum. Stærð er ekki tilgreind. Lóð fylgir og er hún 0,16 ha.”⁵⁴ Út frá kortinu frá 1920 og húsunum sem eru þekkt í kringum þá er líklegt að Brekkukot hafi verið á svipuðum slóðum og húsið sem stendur núna á lóðinni Brekkugötu 11 en það hús var byggt árið 1930 samkvæmt fasteignaskrá.⁵⁵ Á húsinu er þó skilti sem stendur Skipholt og sýnir ártalið 1927.

Fornleifanúmer: 3290-26

Hnit: A516129.6 N619739.7 ISN93

Sérheiti: Miðhús

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Áttunda og síðasta íbúarhúsið sem reis í Ólafsfjarðarhorni á árunum 1905-1910 var Miðhús. ... Það var eins og mörg hús á þessum árum, bæði úr timbri og torfi og stóð um þremur metrum norðan við Nýjabæ. Það hús sem nú stendur og ber nafnið Miðhús var byggt um 1922 og stendur líklegast örlítið neðar en gamla húsið.”⁵⁶ Það hús sást á loftmynd frá 1980 en á loftmynd frá 1985 er það horfið.⁵⁷

Fornleifanúmer: 3290-27

Hnit: A516118.8 N619724.8 ISN93

Sérheiti: Miðhús

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Áttunda og síðasta íbúarhúsið sem reis í Ólafsfjarðarhorni á árunum 1905-1910 var Miðhús. ... Það var eins og mörg hús á þessum árum, bæði úr timbri og torfi og stóð um þremur metrum norðan við Nýjabæ. Það hús sem nú stendur og ber nafnið Miðhús var byggt um 1922 og stendur líklegast örlítið neðar en gamla húsið.”⁵⁸ samkvæmt kortum frá 1905, 1910 og 1920 þá var Miðhús líklega skammt fyrir neðan Brekkugötu 11 hinum megin við götuna í brekkubrúninni engin ummerki eru um það lengur.

⁵¹ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.75.

⁵² Ágústa et al. 2006, bls. 198.

⁵³ Heimasíða HMS – vefupfletti fasteignaskrár.

⁵⁴ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.123.

⁵⁵ Heimasíða HMS – vefupfletti fasteignaskrár

⁵⁶ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.101.

⁵⁷ Landmælingar Íslands – Loftmyndasjá.

⁵⁸ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.101.

Fornleifanúmer: 3290-28

Hnit: A516109.8 N619716.5 ISN93

Sérheiti: Nýibær

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Árið 1894 fluttist Eðvald Jónsson með fjölskyldu sína í Tjarnarkot en Sigurður Sveinsson og Hólmfríður Finnsdóttir hófu byggingu torfbæjar sem nefndur var Nýibær og stóð nokkuð upp í fjallsrótunum, rétt sunnan við þann stað þar sem í dag er Miðhús.”⁵⁹ Samkvæmt heimildum var Nýibær aðeins 3 m sunnan við Miðhús.⁶⁰ Engin ummerki eru um það á staðnum.

Fornleifanúmer: 3290-29

Hnit: A516187.0 N619766.7 ISN93

Sérheiti: Þorsteinshús

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Þegar Þorsteinn Þorsteinsson útgerðarmaður og Snjólaug Sigurðardóttir hófu búskap fluttust þau inn í timburhús sem notað hafði verið við útgerðarrekstur. ... Árið 1930 var húsið gert upp og enn síðar byggt við það. Það er nú Brekkugata 7.”⁶¹

Síðar í bókinni segir: „Húsið er timburhús með skúr, 5,63 x 3,5 m að stærð og á því er járnþak. Hjá húsinu er fjós yfir 3 kýr hlaða yfir 60 hesta. Lóðin sem fylgir húsinu er 0,64 ha. og gefur hún af sér 12 hesta.”⁶²

Fornleifanúmer: 3290-30

Hnit: A516183.3 N619787.2 ISN93

Sérheiti: Lækjarkakki

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Guðbrandur Bergsson og Halldóra Jónsdóttir byggðu þurrabúð árið 1906 sem þau kölluðu Lækjarkakka. Búðin stóð þar sem nú er Brekkugata 1 og var úr torfi og timri með pappþaki. 0,22 ha. lóð fylgdi og mátti þar fá 6-9 hesta af heyi.”⁶³ Stærðin á húsinu var 7 x 3,5 m.⁶⁴ Þar stendur nú hús sem var reist árið 1924 samkvæmt þjóðskrá.⁶⁵

Fornleifanúmer: 3290-31

Hnit: A516181.9 N619802.7 ISN93

Hlutverk: Verbúðir

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Skúrar og sjóhús ólafskra útgerðarmanna og kaupmanna frá Akureyri og Siglufirði. Niðurröðun sjóhúsanna er ekki nákvæm og mörg sjóhús og skúra vantar á kortið.”⁶⁶ Samkvæmt korti frá 1920 þá var sjóhús fast við norður lóðarmörkin á Brekkugötu 1, engin ummerki eru sjáanleg.

Fornleifanúmer: 3290-32

Hnit: A516166.4 N619790.5 ISN93

Hlutverk: Verbúðir

⁵⁹ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.68.

⁶⁰ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.101.

⁶¹ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls. 111.

⁶² Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.117.

⁶³ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.97.

⁶⁴ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls 117.

⁶⁵ HMS – vefuppfletti fasteignaskrár.

⁶⁶ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.126.

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Skúrar og sjóhús ólafskra útgerðarmanna og kaupmanna frá Akureyri og Siglufirði. Niðurröðun sjóhúsanna er ekki nákvæm og mörg sjóhús og skúra vantar á kortið.”⁶⁷ Samkvæmt korti frá 1920 þá var sjóhús á götunni milli lóðanna Brekkugötu 1 og Múlavegi 6.

Fornleifanúmer: 3290-33

Hnit: A516140.3 N619775.9 ISN93

Hlutverk: Verbúðir

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Skúrar og sjóhús ólafskra útgerðarmanna og kaupmanna frá Akureyri og Siglufirði. Niðurröðun sjóhúsanna er ekki nákvæm og mörg sjóhús og skúra vantar á kortið.”⁶⁸ Samkvæmt korti frá 1920 þá var sjóhús þar sem núna stendur hús á lóðinni Múlavegi 4.

Fornleifanúmer: 3290-34

Hnit: A516298.0 N619877.6 ISN93

Sérheiti: Randsvershús

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Randvershús hét eitt af húsunum átta sem risu af grunni 1905-1910, stundum líka kallað Brautarholt. ... Húsið var úr timbri og stóð allnokkru sunnan við Lyngholt. Það var rífið veturinn 1982/3.”⁶⁹ Annarsstaðar í bókinni segir: „Randvershús er úr timbri með pappabaki. Það er 6 X 4 með kjallara og áföstum skúr 5 X 4. Lóð fylgir og er hún 0,48 ha. Í byggingu er heyhlaða yfir um 60 hesta.”⁷⁰ Samkvæmt korti frá 1920 og loftmynd frá 1958⁷¹ þá er talið líklegt að Randvershús hafi verið á þeim slóðum sem lóðin Brimnesvegur 12 er í dag, þar er auð lóð á milli húsa og engin ummerki um eldri mannvirki.

Fornleifanúmer: 3290-35

Hnit: A516324.5 N619955.6 ISN93

Sérheiti: Lyngholt

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „Sama sumar fluttust hjónin Magnús Sölvason og Halldóra Þorsteinsdóttir inn í nýtt hús, Lyngholt, sem Magnús byggði en hann var trésmiður.”⁷² Einnig segir í bókinni: „Lyngholt er úr timbri með járnþaki 9 X 7 m að stærð.”⁷³ Samkvæmt korti frá 1920 og loftmynd frá 1958⁷⁴ þá er talið líklegt að Lyngholthafi verið á þeim slóðum þar sem nú er grasflöt norðan við Brimnesveg 18.

Fornleifanúmer: 3290-36

Hnit: A516661.6 N620232.0 ISN93

Sérheiti: Brimnes

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Heimild

⁶⁷ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.126.

⁶⁸ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.126.

⁶⁹ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls. 97-98.

⁷⁰ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.117.

⁷¹ Loftmyndir ehf – MAP.IS.

⁷² Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.97.

⁷³ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.116.

⁷⁴ Loftmyndir ehf – MAP.IS.

Samkvæmt eldri skráningu var gamli bærinn á Brimnesi á svipuðum slóðum og núverandi íbúðarhús, gæti þó hafa verið örlítið austar. Húsið sem stendur nú var byggt 1935 á tveimur hæðum án kjallara. Þegar planið var sléttað kom mikið upp af hleðslugrjóti, móösku ásamt fleiri mannvistarlögum, en engir gripir.⁷⁵

Fornleifanúmer: 3290-37

Hnit: A516610.8 N620158.2 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakorti þá hefur verið útihús um 80 m suðvestur af íbúðarhúsinu. Þar er nú tún og rafstöð skammt frá og í eldri skráningu segir að heimildarmenn telja að þarna hafi verið tóftir en þeim hafi verið rutt í burtu þegar spennustöðin var gerð.⁷⁶

Fornleifanúmer: 3290-38

Hnit: A516698.1 N620189.7 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Á túnakortinu var útihús um 50 m suð-austur af íbúðarhúsinu, svæðið var sléttað í tún.⁷⁷ Engin ummerki sjáanleg á staðnum um eldri mannvirki.

Fornleifanúmer: 3290-39

Hnit: A516692.0 N620247.2 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Í kringum 35 m norð-austur af íbúðarhúsinu var útihús á túnakortinu samkvæmt eldri skráningu hefur það fengið að víkja fyrir nýjum útihúsum en talsvert rask fylgdi þeim framkvæmdum. Mikið af grjóti, torfi og viði var við norðurgaflinn á nýju útihúsunum en þó ekki hægt að segja hvort það hafi verið leifar af eldri mannvirkjum.⁷⁸

Fornleifanúmer: 3290-40

Hnit: A516700.7 N620274.3 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Í kringum 60 m norð-austur af íbúðarhúsinu á þjóðveginum rétt hjá aðrein að upplýsingaskilti var útihús samkvæmt túnakortinu. Í eldri fornleifaskráningu er tekið fram að heimildarmaður muni ekki eftir neinum tóftum á þessum slóðum.⁷⁹ Ef einhverjar leifar hafa verið þá eru þær löngu horfnar vegna vega framkvæmda.

Fornleifanúmer: 3290-41

Hnit: A516687.8 N620186.3 ISN93

Hlutverk: Huldufólksbústaður

Tegund: Þjóðtrú

Í eldri skráningu segir frá þremur steinum sem huldufólk býr í samkvæmt þjóðtrúnni. Ekki fylgir steinunum neinar sérstakar sögur aðrar en að í þeim búi huldufólk.⁸⁰ Fyrsti steinninn er um 50 m suð-austur af íbúðarhúsinu. Steininn var um 0,4-0,8 m á hæð, lægri í suður. Umfang hans er um 2,8X1,7 m.

⁷⁵ Ágústa et al. 2006, bls. 201.


⁷⁶ Ágústa et al. 2006, bls. 203.

⁷⁷ Ágústa et al. 2006, bls. 202.

⁷⁸ Ágústa et al. 2006, bls. 202.

⁷⁹ Ágústa et al. 2006, bls. 202.

⁸⁰ Ágústa et al. 2006, bls. 204.



Mynd 1. Huldufólkssteinn, mynd er tekin í norð-austur.

Fornleifanúmer: 3290-42

Hnit: A516720.4 N620181.5 ISN93

Hlutverk: Huldufólksbústaður

Tegund: Þjóðtrú

Í eldri skráningu segir frá þremur steinum sem huldufólk býr í samkvæmt þjóðtrúnni. Ekki fylgir steinunum neinar sérstakar sögur aðrar en að í þeim búi huldufólk.⁸¹ Annar steinninn er um 80 m suð-austur af íbúðarhúsinu. Steinninn var 0,2-1,3 m á hæð, hæstur í miðju, umfang hans var um 1,8X2,9 m.



Mynd 2. Huldufólkssteinn, mynd er tekin í suð-austur.

⁸¹ Ágústa et al. 2006, bls. 204.

Fornleifanúmer: 3290-43
Hlutverk: Huldufólksbústaður
Tegund: Þjóðtrú

Hnit: A516738.7 N620256.0 ISN93

Í eldri skráningu segir frá þremur steinum sem huldufólk býr í samkvæmt þjóðtrúnni. Ekki fylgir steinunum neinar sérstakar sögur aðrar en að í þeim búi huldufólk.⁸² Þriðji steinninn er um 87 m norð-austur af íbúðarhúsinu. Umfang hans var um 3X2,7 m og hæð 0,9-1,5 m þar sem hann var hæstur suður í brekku.



Mynd 3. Huldufólkssteinn, mynd er tekin í norð-austur.

Fornleifanúmer: 3290-44
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Heimild

Hnit: A516802.0 N620175.0 ISN93

Í eldri fornleifaskráningu segir frá óljósri þúst sem er um 80 m norð-austan við stein nr. 3290-45 og um 155 m ana m við gamla bæjarstæðið.⁸³ Líklega hefur verið misritun átt sér stað og norður hefur átt að vera suður. Því lýsingin passar ekki við fjarlægð frá báðum stöðunum og gps hnitið í eldri skýrslu er líka fyrir sunnan báða staðina. Allavega þá sást ekki nein þúst á þessum slóðum, ef til vill hulin gróðri.

Óstaðsetjanlegar fornleifar:

Fornleifanúmer: 3290-45
Hlutverk: Lending
Tegund: Heimild

⁸² Ágústa et al. 2006, bls. 204.

⁸³ Ágústa et al. 2006, bls. 205.

Í jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „Heimræði er hjer, og hefur áður lending góð verið, en nú er hún stórlega fordjörfuð af sandgrynningum, sem sjórinn hefur borið í lendinguna, og er hún þar fyrir valla brúkandi.“⁸⁴ Í eldri skráningu er fjallað um að lendingin hafi líklega verið í landi Hornbrekku og verið færð í gegnum árin eftir því hvar best hentaði og því hafi ekki verið hægt að staðsetja lendinga nákvæmlega.⁸⁵

Fornleifanúmer: 3290-46

Hlutverk: Verbúð

Tegund: Heimild

Í jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „Verbúðirhafa hjer fimm verið, sem nú eru allar fallnar, skipeigendur bygðu þær á sinn kost, en brúkuðu landið til ristú og stúngu.“⁸⁶ Ekki er vitað hvar þessar verbúðir voru staðsettar.⁸⁷

Fornleifanúmer: 3290-47

Hlutverk: Fiskreitir

Tegund: Heimild

Í bókinni Hundrað ár í Horninu segir: „... þá var kunnáttumaður að nafni Sigurður Ísfeld sendur til Ólafsfjarðar frá Akureyri árið 1779 til að kenna heimamönnum fisksöltun. Starf hans, ásamt fleiru, varð til þess að árið 1780 var byggð fiskverkunarstöð eða salthús í Ólafsfjarðarhorni. Um svipað leyti var einnig byggð verkunarstöð í Hrísey og voru þessar stöðvar þær einu í Eyjarfjarðarsýslu á þessum árum. Fiskverkunarhús þessi voru tuttugu álnir á lengd og þóttu mikil mannvirki. ...En enda þótt Ólafsfirðingar héldu fiskverkunarhúsinu í þetta sinn þá varð saga þessi ekki löng því það lagðist af á styrjaldarárunum 1807-1810.“⁸⁸ Ekki er vitað nánar um staðsetningu þessara byggingar.

Fornleifanúmer: 3290-48

Hlutverk: Lending

Tegund: Heimild

Í jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „Heimræði er hjer, lending góð og skipsuppsátur, og mega ganga so mörg skip sem ábúandi fær við komið, en ekkert á hann nú sakir efnaleysis.“⁸⁹ Í eldri skráningu segir að ekki sé vitað hvar lendingin sé, líklega hafi hún horfið við þéttbýlismyndun.⁹⁰

Fornleifanúmer: 3290-49

Hlutverk: Uppsátur

Tegund: Heimild

Í jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „Heimræði er hjer, lending góð og skipsuppsátur, og mega ganga so mörg skip sem ábúandi fær við komið, en ekkert á hann nú sakir

⁸⁴ Árni og Páll, 1943, bls. 37

⁸⁵ Ágústa et al. 2006, bls. 195.

⁸⁶ Árni og Páll, 1943, bls. 37.

⁸⁷ Ágústa et al. 2006, bls. 195.

⁸⁸ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls. 35.

⁸⁹ Árni og Páll, 1943, bls 38.

⁹⁰ Ágústa et al. 2006, bls. 203.

efnaleysis." ⁹¹ Í eldri skráningu segir að ekki sé vitað hvar lendingin sé, líklega hafi hún horfið við þéttbýlismyndun. ⁹²

Fornleifanúmer: 3290-50

Hlutverk: Verbúð

Tegund: Heimild

Í jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „Verbúðir eru hjer 3, og aðrar 3 affallnar.

Skipeigendur byggja þær á sinn kost, sem áður segir um Hornbrekku." ⁹³ Ekki er vitað hvað þessar verbúðir stóðu. ⁹⁴

Fornleifanúmer: 3290-51

Sérheiti: Mýrnakot

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Í sýslu og sóknarlýsingum Eyjafjarðar segir: „... með Mýrnakoti, hjáleigu nú eyðiholti." ⁹⁵ Ekki er vitað hvar Mýrnakot var líklegt þykir að það sé sami staður og Mýralón, það er þó ekki hægt að fulltýrða um það. ⁹⁶ Mýralón var skráð í skýrslunni frá 2021 og fékk minjanúmerið nr. 2688-20. ⁹⁷

⁹¹ Árni og Páll, 1943, bls 38.

⁹² Ágústa et al. 2006, bls. 203.


⁹³ Árni og Páll, 1943, bls. 39.

⁹⁴ Ágústa et al. 2006, bls. 203.

⁹⁵ Sýslu og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu, bls. 58.

⁹⁶ Ágústa et al. 2006, bls. 195.

⁹⁷ Hákon, 2001, bls. 8-9.



nafn: ÓLAFSFJÖRÐUR	teikn. 01.10.2024 hj	Skýringar: Fornleifar og heimildir um fornleifar innan afmarkaðssvæðis á Ólafsfirði.	BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
FJALLABYGGÐ	mælikv. 1:9000 í A4	Unnið eftir mynd nr. f591/f592 e501/e502 /gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 2023	

5. Samantekt

Miklar breytingar hafa átt sér stað á Ólafsfirði á tiltölulega stuttum tíma og eldri mannvirki þurft að víkja fyrir nýrri byggingum og öðrum framkvæmdum. Þar af leiðandi eru flestir minjastaðirnir í þessu verkefni aðeins til sem heimildir. Það voru aðeins huldufólkssteinarnir í Brimnesi sem voru sýnilegir og í einhverjum tilvikum voru einhverjir hlutar af eldri mannvirkjum notaðir þegar nýrri voru byggð. Það er þó ágætt að hafa í huga að þrátt fyrir að lítið hafi verið af sýnilegum minjastöðum að alltaf geta komið einhverjar leifar upp við frekari framkvæmdir eða nýir minjastaðir uppgvötaðir. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

6. Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1943). Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ólafsfjörður. Tíunda. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag. [Reykjavík: Sögufélagið. Ljósprentuð útgáfa 1987.

Ágústa Edwald, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Orri Vésteinsson, Sigríður Þorgeirsdóttir, Sædis Gunnarsdóttir og Uggi Ævarsson. (2006). Fornleifaskráning í Ólafsfirði. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Friðrik G. Olgeirsson. (1984). Hundrað ár í Horninu. Saga Ólafsfjarðar 1883-1944 Þéttbýlismyndun, fiskveiðar og fiskvinnsla. Útgefandi Ólafsfjarðarkaupstaður.

Hákon Jensson. (2021). Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á athafna- og hafnarsvæðis Ólafsfjarðar. Rannsóknarskýrslur 2021/4. Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

Helgi Jónsson. (2005). Aðalgata 3 – Bruni í Ólafsfirði. Sótt af <https://www.mbl.is/myndasafn/mynd/136399/> Skoðað 08.07.2024

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>. Skoðað 13.06.2021.

Heimasíða HMS, Landeignaskrá. Sótt af <https://landeignaskra.hms.is/> Skoðaða 07.07.2024.

Heimasíða HMS, vefuppfletti fasteignarskrár. Sótt af <https://vefuppfletti.fasteignaskra.is/leit>. Skoðað 07.07.2024.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Landmælingar Íslands. Loftmyndasjá. Sótt af <https://atlas.lmi.is/mapview/?application=loftmyndasja> Skoðað 07.07.2024.

Loftmyndir ehf - MAP.IS Sótt af <https://www.map.is/base/@575882,617065,z12,0#> Skoðað 07.07.2024

Sýslu og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu. Eyfirzk fræði II. Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1854. Magnús Kristinsson sá um útgáfuna. Sögufélag Eyfirðinga 1972. Prentsmiðja Björns Jónssonar. Akureyri.

Heimildarmenn:

Ármann Viðar Sigurðsson, 1972 Marabyggð 41, Ólafsfjörður.

Túnakort:

Uppdráttur af túni á Brimnesi í Ólafsfjarðarhreppi í Eyjafjarðarsýslu. Kr. E. Kristjánsson. Akureyri Prentsmiðja Odds Björnssonar. 1920.

Örnefnaskrár:

Örnefnaskrá Hornbrekku. Ólafsfjörður. Skrásetjari Jóhannes Óli Sæmundsson.